

# Fréttapistill frá forseta Íslands

8. ágúst 2021

Erum við á hárréttri leið eða er hér allt á heljarþröm? Staða mála í heimsfaraldrinum er enn efst á baugi og sitt sýnist hverjum. Aukins óróa gætir víða, viðkvæmni líka og reiði á stundum. Já, fólk skiptist á skoðunum sem aldrei fyrr, fjölmiðlar fylgjast með og er hvort tveggja glöggur vitnisburður um það málfrelsi sem við njótum og nýtum. Kannski væri þó jafnvel til bóta að við ræddum og hugsuðum ögn minna um veiruna, eða í það minnsta suma þætti þessa hvimleiða fjanda sem við þurfum samt að vinna bug á saman. Ég legg alls ekki til sinnuleysi eða afneitun en minni á þessa speki Hávamála:

Ósvinnur maður  
vakir um allar nætur  
og hyggur að hvívetna.  
Þá er móður  
er að morgni kemur.  
Allt er víl sem var.

Að því sögðu ítreka ég þann fyrirvara að auðvitað er fólki frjálst að ræða farsóttina og mynda sér skoðun á henni eftir bestu vitneskju. Þá bendi ég hiklaust á Vísindavef Háskóla Íslands og nefni sem dæmi eina nýjustu færsluna þar, um rannsóknir á lyfinu ivermectin sem hefur gagnast svo vel við ýmsum sjúkdómum:  
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=82210>.

Það er þekkt þema í stórslysamyndum að vandræðin hefjast fyrir alvöru þegar ekki er hlustað á viðvaranir sérfróðra. Hingað til höfum við notið þess að almenningur hefur stutt þær varnir gegn veirunni sem stjórnvöld hafa staðið fyrir. Fólk hefur tekið þann pól í hæðina að athuguðu máli, ekki síst vegna þess að ákvarðanir, tilmæli og leiðbeiningar ráðamanna hafa byggst á ráðum velmetinna sérfræðinga í sóttvörnum og sjúkdómum.

Vissulega hafa verið gerð mistök, sérstaklega þegar við njótum þess að geta litið um öxl og lagt mat á ákvarðanir sem taka þurfti í hita leiksins. Vissulega eru sérfræðingar ekki alltaf sammála, skárri væri það nú, og vissulega hefur ekki ríkt stöðug eining um allar aðgerðir. En hitt vitum við líka að óvíða hefur gengið eins vel að berjast við vághestinn og hér. Andlát af völdum hans hafa nær hvergi verið eins fá að tiltölu og hér. Efnahagur hefur ekki skaðast meir hér en annars staðar.

Og nú hafa bólusetningar breytt öllu til batnaðar, þrátt fyrir fjölgun smita að undanfögnu. Bóluefni afstýra að miklu leyti alvarlegum veikindum. Færa má rök fyrir því að í sögulegu ljósi séu bóluefni ein mesta blessun sem mannkyn hefur fundið sér til bóta. Vegna þeirra eru ýmsir sjúkdómar ekki lengur útbreiddir, skæðir og banvænir. Mislingar verða til dæmis ekki tugum manna að aldurtíla eins og gerðist í einum faraldrinum hér á Álftanesi á nítjándu öld. Með miklu alþjóðaátaki í bólusetningum tókst að útrýma bólusótt í heiminum, þeirri ferlegu drepsótt, og var síðasta tilfellið greint fyrir rúmum 40 árum. Enn þarf að glíma við aðra hættulega

sjúkdóma. Hér á Íslandi er ungvíði bólusettt gegn barnaveiki, hettusótt, kíghósta, mislingum, mænusótt, rauðum hundum og stífkrampa, og nú síðast var hlaupabólu bætt við almenna bólusetningu barna. Væntanlega snarfækkar þá þeim tilfellum, sem síðustu kynslóðir þekkja, að börn fái hlaupabólu og verði að vera fjarri leikskóla svo að félagar þeirra þar sýkist ekki. Skyldusóttkví er ekki ný uppfinning. Og ef við viljum fara til sumra ríkja úti í heimi er skylt eða sjálfsagt að fá fyrst bólusetningu við sjúkdómum á borð við lifrabólgu, gulu og taugaveiki. Það eru forréttindi okkar að geta varið okkur þannig.

Hér má auðvitað líka nefna þá byltingu sem orðið hefur í gerð lyfja við sjúkdómum. Af þeim sökum hafa lífslíkur þeirra sem greinast með krabbamein til dæmis stórauðist undanfarna áratugi. Árvekni og skimun, ekki síst í áhættuhópum, gæti skilað enn betri árangri. Loks má nefna aukna vitund um mikilvægi lýðheilsu og ábyrgð á eigin velferð, þótt enginn fái varist öllu og enginn megi sköpum renna. En við getum samt gert það sem í okkar valdi stendur, hugað að eigin heilsu og notið órækra framfara í læknavísindum þegar á þarf að halda. Við þurftum að fresta Reykjavíkumaraþoni en ég hlakka til að renna skeiðið 18. september, ef að líkum lætur, og láta um leið gott af mér leiða í þágu málefna á sviði lýðheilsu, geðheilsu og lækninga. Ég minni ykkur öll á vefsíðuna [www.hlaupastyrkur.is](http://www.hlaupastyrkur.is).

Og hver er þá staðan núna í covid-19? Allt er ekki víl sem var. Við þurfum að halda áfram á braut bólusetninga, hér heima og annars staðar. Þannig komum við ekki með öllu í veg fyrir smit. Það vitum við vel, reynslunni ríkari. Samt er það svo að með bólusetningu snarminnkar hver maður líkur á að dreifa veirunni eða veikjast illa af völdum hennar. Maður bólusetur sig ekki bara til að vernda sjálfan sig heldur allt eins til að koma í veg fyrir að maður valdi öðrum miska.

Allar aðgerðir hljóta að taka mið af þeim sannindum að við erum að bólusetja samfélagið upp til hópa. Það er okkar nýi veruleiki. Um leið er meginmarkmiðið sem fyrir það sama, að verja þau viðkvæmustu í samfélaginu fyrir sóttinni og koma í veg fyrir að heilbrigðiskerfið sligist undan of miklu álagi. Til þess getum við beitt ýmsum leiðum en allra brýnast er að fólk sinni áfram sínum eigin sóttvörnum, spritti hendur, láti skima fyrir einkennum ef þeirra gætir, og beri andlitsgrímu þar sem það þykir brýnt. Þá er gildi þess að halda fjölmönnum mannamótum í hófi löngu ljóst. Um leið þurfum við að halda samfélaginu gangandi. Þetta er vandratað einstigi. Verkinu er hvergi nærri lokið en við megum þakka fyrir hve vel hefur gengið hingað til.

Sönn vísindi byggja á þekkingarleit, vísýni og opnum huga. Vísindafólk í fremstu röð gerir sér grein fyrir eigin takmörkunum, hlustar á ólík sjónarmið, endurskoðar eigin viðhorf og ályktanir. Sama gildir um öflugt forystufólk í öflugum samfélagi.

Við búum í samfélagi þar sem ólíkir hagsmunir, þarfir og óskir vegast á, ekki á sjúkrahúsi þar sem meginmarkmiðið eina er að lækna, fyrirbyggja og koma fólki til góðrar heilsu. Þess vegna er þessi barátta svo erfið. Enginn gerir hana auðveldari með því að ala á úlfúð og ótta. Engar sjálfsagðar og gallalausar heildarlausnir eru til.

Nú eru fram undan kosningar til Alþingis, lýðræðishátíð, réttur kjósenda til að velja sér fulltrúa á löggjafarsamkomuna, þungamiðju hins pólitíska valds í landinu. Ég þykir vita að Íslendingar myndu taka því illa ef þingmannsefni færu núna að nota farsóttina til að reyna að slá pólitískar keilur eða slá sig til riddara. Almennungur

hefur ekki sýnt samstöðu og þolað þrautir til þess. Ég vona þess vegna að frambjóðendur keppist frekar við að þakka öllu því fólki sem lagt hefur svo mikið af mörkum undanfarin misseri.

Við þurfum að halda ró okkar, sýna áfram þá seiglu sem býr í þessari þjóð þegar á þarf að halda. „Svo skal böll bæta að bíða annað meira,“ sagði Grettir sterki og Megas umorðaði þá fornu speki listilega: „Svo skal böll bæta að benda á eitthvað annað.“ Okkur gæti samt verið hollt að bera hlutskipti okkar saman við stöðu annarra. Ég minntist hér á mislingafaraldur á mínum slóðum fyrr á tíð og auðvitað er nærtækt að nefna Spænsku veikina skelfilegu. En við getum líka haft örlög annars fólks um okkar daga til hliðsjónar.

Fyrr á þessu ári hófst eldgos í Geldingadölum. Það hefur ekki valdið manntjóni og sýnist ólíklegt að svo verði úr þessu þótt ætíð verði að hafa varann á. En héðan af virðist hættan helst felast í því að einhver fari sér að voða með því að arka eins og hálfviti á heitu hrauni. Eldgosið hér hefur einmitt dregið alls kyns ferðalanga til landsins, langflesta skynsamt fólk og skemmtilegt. Ferðaþjónustan hefur notið góðs af og landkynningin verið ljúf.

Í apríl í ár hófst eldgos í öðru eyríki á norðurhveli, Sankti Vinsent og Grenadínum í Karíbahafi. Um 20.000 manns þurftu að yfirgefa heimili sín, drykkjarvatn hefur verið af skornum skammti, akuryrkja varð illmöguleg í öskufalli. Efnahagur eyjarskeggja beið mikinn skaða og var bágur fyrir vegna heimsfaraldursins. Innan við 10% fólks hefur fengið bólusetningu og öflug mótmæli hafa verið gegn áformum stjórnvalda í þeim efnunum, enda landlæg tortryggni og trúnaðartraust þar milli almennings og valdhafa.

Vík ég þá að sumum verkum og viðburðum nýliðinnar viku. Hinn 1. ágúst, sunnudag fyrir rétttri viku, voru fimm ár liðin frá því að ég tók við embætti forseta. Ég þakka aftur hlýjar kveðjur sem mér bárust af því tilefni. Daginn eftir ræddi ég þau tímamót og ýmislegt sem tengist embættinu við Felix Bergsson á Rás tvö. Hægt er að hlusta á viðtalið hér: <https://www.ruv.is/utvarp/dagskra/ras2/2021-08-02/5196802>.

Síðastliðinn sunnudag hlotnaðist mér einnig sá heiður að taka á móti góðri gjöf. Í tíð Sveins og Georgíu Björnsson á Bessastöðum var hör ræktaður hér. Unnur Ólafsdóttir kirkjulistamaður vann úr honum altarástöflu, útsaumaða mynd af Kristi á krossinum, og færði Georgíu forsetafrú að gjöf. Nú var hún afhent embættinu til varðveislu.

Þennan sunnudag bárust einnig þau gleðitíðindi að Anníe Mist Þórisdóttir hefði hlotið bronsverðlaun á heimsleikunum í CrossFit. Ég óska henni til hamingju með þann glæsilega árangur.

Mánudaginn 2. ágúst bárust svo fréttir af öðrum fræknum landa okkar. Ég hef verið það heppinn að geta aðeins fylgst með gangi mála hjá Guðmundi Felix Grétarssyni frá því að læknateymi tókst að græða á hann nýja handleggi, eftir slysið sem hann varð fyrir á sínum tíma. Nú sýndi hann sem sagt myndband þar sem hann ber sólarvörn á konu sínu með nýju höndunum. Ég minntist áðan á seiglu. Gangi þér áfram vel, Guðmundur handhafi!

Þriðjudaginn 3. ágúst voru Hinsegin dagar settir formlega með opnunarhátíð í Gamla bíói í Reykjavík. Eliza sótti þann flotta viðburð en ég mætti ekki að þessu sinni. Á hinn

bóginn hitti ég Þorbjörgu Þorvaldsdóttur, formann Samtakanna '78, daginn eftir í heita pottinum í Nauthólsvík að loknu sjósundi þar. Þótt ég taki hlutverk mitt sem verndari samtakanna alvarlega felst þó ekki í þeim skyldum að fylgja fólki á haf út en þetta var skemmtileg tilviljun.

Fimmtudaginn 5. ágúst átti ég kveðjufund með Zaheer Pervaiz Khan, sendiherra Pakistans gagnvart Íslandi, með aðsetur í Osló. Við ræddum samband þjóðanna og ýmis álitamál á alþjóðavettvangi. Mér þótti vænt um að geta þakkað honum persónulega fyrir drjúga liðveislunni hans við leitina að John Snorra Sigurjónssyni sem týndi lífi á K2 ásamt félögum sínum. Um leið bað ég sendiherrann að koma á framfæri þökkum til allra annarra sem komu að aðgerðum í vetur og nú í sumar þegar líkamsleifar fundust. Fyrir rétt rúmum þremur árum tók ég á móti John Snorra, fjölskyldu hans og fulltrúum styrktarfélagssins Lífs. Hann hafði þá klifið K2 að sumri, ásamt burðarliði og öðrum fjallgöngumönnum. Hægt var að heita á John Snorra og hann sýndi upphæð sem safnaðist til Kvennadeildar Landspítalans. Í ávarpi á þeim tíma vék ég að þeirri hættu sem felst í fjallgöngum, kostum þess að setja sér markmið og nauðsyn samstöðu í þrekaunum og daglegu lífi.

Fimmtudaginn 5. ágúst var haldinn fundur í ríkisráði hér á Bessastöðum. Forseti og ríkisstjórn sitja í ríkisráði og kemur það að jafnaði saman tvisvar á ári þótt fundirnir hafi verið mun tíðari á fyrstu árum lýðveldisins. Á fundum ríkisráðs bera ráðherrar lög og aðrar samþykktir upp til staðfestingar eða endurstaðfestingar og er hið síðara langoftast raunin. Sumt við starf ríkisráðs hefur breyst og þróast í tímans rás, annað ekki. Tilskipun um starfsreglur ríkisráðs er frá árinu 1943 þegar Ísland var enn konungsríki að formi til. Tímabært er að taka starfshætti ríkisráðs til endurskoðunar.

Nýliðinni viku lauk svo með þeim fréttum á laugardagskvöldi að teikn væru á lofti um eldgos undan Reykjanesi. Hvað næst?, hugsaði ég en lagðist til hvílu, var ekki móður að morgni og ekkert var gosið þegar vel var að gáð.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.